

Nd.

825. Breytingartillögur

[321. mál]

við frv. til vaxtalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, KJóh, ÓE, GB, HBI).

1. Í stað orðanna „fjárkröfum“ og „fjárkröfu“ hvarvetna í frumvarpinu komi: peningakröfum og peningakröfu.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum“ komi: ársávöxtunar á nýjum almennum útlánnum.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Sé samið um breytilega vexti í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma skal miða við hæstu gildandi vexti af hliðstæðum lánnum sem eru í almennri notkun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, eins og þeir eru á hverjum tíma.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum“ komi: ársávöxtunar á nýjum almennum útlánnum.
5. Við 9. gr. Orðin „og áskildi sér rétt til dráttarvaxta“ í 2. mgr. falli brott.
6. Við 21. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
Ákvæði II. kafla laga þessara taka til allra skulda sem stofnast eftir gildistöku laganna.
7. Við ákvæði til bráðabirgða III. Á eftir orðunum „hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma“ komi: eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma.